

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2016, föstudaginn 22. janúar, var haldinn 235. fundur stjórnar Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir formaður, Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Einar Birkir Einarsson og Kristín Soffía Jónsdóttir. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Aðgerðaáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2016.
2. Hönnunarreglur fyrir stoppistöðvar Strætó.
3. Gjaldskrá Strætó.
4. Leiðarkerfi Strætó.
5. Starfsmannamál.
6. Innri endurskoðun Strætó.
7. Fyrirhugað útboð um vagnakaup.
8. Uppgjör akstursþjónustu fyrir fatlað fólk 2015.
9. Aðsend erindi.

### Tekið fyrir:

1. Aðgerðaáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2016.  
Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti aðgerðaáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2016, þar sem farið var sérstaklega yfir hvernig vinnu við hagræðingu í rekstri verður háttað og aðgerðir til að ná markmiðum um aukningu á fargjaldatekjum á yfirstandandi ári.
2. Hönnunarreglur fyrir stoppistöðvar Strætó  
Bergdís I. Eggertsdóttir, verkefnastjóri hjá Strætó, kynnti hönnunarreglur fyrir stoppistöðvar Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Hönnunarreglurnar verða gefnar út nú í janúar og sendar bæjarráðum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til kynningar.
3. Gjaldskrá Strætó  
Áframhaldandi umræða um gjaldskrá. Bergdís I. Eggertsdóttir sat fundinn undir þessum lið.  
Stjórn samþykkir að fela stjórnarformanni og varaformanni að móta tillögu að gjaldskrá í samræmi við umræður á fundinum, sem verði lögð fram til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.
4. Leiðakerfi Strætó  
Framkvæmdastjóri kynnti verkáætlun vegna endurskoðunar á leiðakerfi Strætó, sem fyrirhugað er að taki gildi í haust.  
Áréttað er mikilvægi þess að sveitarfélögin komi að vinnu er varðar breytingar á leiðarkerfi Strætó og leggi fram hugmyndir um hagræðingu og betri nýtingu, einkum innanbæjarleiða. Tillögur sveitarfélaganna um breytingar á leiðakerfinu þurfa að liggja fyrir eigi síðar en 1. mars nk.
5. Starfsmannamál
  - a) Rekstrarsvið, ráðning nýs sviðsstjóra.  
Framkvæmdastjóri fór yfir ráðningarferlið og næstu skref í því.
  - b) Yfirvinna, mikil yfirvinna 2015 endurspeglar erfiðleika við mönnun í vagnstjórastarfið.
6. Innri endurskoðun Strætó

Á 230. fundi stjórnar þann 13.11.2015 var samþykkt að fela stjórnarformanni að ganga til samninga við Deloitte hf. um innri endurskoðun Strætó á grundvelli tilboðs félagsins, annars vegar úttekt á innra eftirliti og gerð innri endurskoðunaráætlunar og hins vegar um innri endurskoðun félagsins til næstu þriggja ára. Fyrir fundinum lágu til afgreiðslu drög að samningi við Deloitte hf. um verkefnið.

Stjórn samþykkir samninginn og felur stjórnarformanni að undirrita hann fyrir hönd Strætó bs.

7. Fyrirhugað útboð um vagnakaup  
Framkvæmdastjóri fór yfir næstu skref í fyrirhuguðu útboði á grundvelli fyrirliggjandi rammasamnings um vagnakaup Strætó.
8. Uppgjör akstursþjónustu fyrir fatlað fólk 2015  
Umræður um uppgjör á akstursþjónustu fyrir fatlaða 2015.
9. Aðsend erindi
  - a) Bréf frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, dags. 15.01.2016, þar sem óskað er eftir svari við fyrirspurnum frá fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem lagðar voru fram á fundi velferðarráðs borgarinnar þann 14.01.2016.  
Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu.

Fleira var ekki tekið fyrir.

#### **Fundi slitið kl. 13:15**

Bryndís Haraldsdóttir  
Gunnar Valur Gíslason  
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Theódóra S. Þorsteinsdóttir  
Einar Birkir Einarsson

#### **Fylgiskjöl:**

- Aðgerðaáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2016.
- Hönnunarreglur fyrir stoppistöðvar, útgáfa 1. dagsett í janúar 2016.
- Samningur við Deloitte hf. um innri endurskoðun Strætó.